

Miðvikudaginn 25. október 1989.

Nr. 411/1989. **Ákærvaldið**

gegn

**Kristjáni Haukssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr.laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. október 1989. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. október 1989.**

Ár 1989, sunnudaginn 22. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Kristjáni Haukssyni, kt. 14.01.63-7599, til lögheimilis að Laugateigi 19, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. þ.m. kl. 16.00.

Síðastliðinn föstudag var lögreglu tilkynnt, að brotist hefði verið inn í verslunina Gulleyjuna, Ingólfsstræti 2, Reykjavík. Sjónarvottar skýrðu lögreglunni frá því, að þeir, sem voru þarna að verki, hefðu verið tveir og ekið brott af vettvangi í bifreiðinni R 65427. Lögreglan fann bifreið þessa þá um kvöldið og yfirheyrði eiganda og umráðamann hennar. Greindi hann frá því, að hann hefði lánað kærða og öðrum manni bifreiðina, og væri sér kunnugt um, að þeir hefðu farið í henni á innbrotsvettvang.

Í innbrotinu var stolið allmiklu af skartgripum. Hefur annar eigenda verslunarinnar borið kennsl á gullhring, sem fannst í téðri bifreið, en eigandi bifreiðarinnar greindi RLR frá því, að hringinn hefði kærði og

félagi hans gefið sér fyrir að leyfa þeim að nota bifreiðina sem og fyrir að þegja yfir innbrotspjófnaðinum.

Verið er að rannsaka ætlað brot kærða og fleiri gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Er ljóst, að rannsóknin er enn á frumstigi. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. þ.m. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kristján Hauksson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. október nk. kl. 16.00.

---